

Alþingi
Erindi nr. P 138/1321
komudagur 22.3.2010

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum sendifulltrúum og milli Færeyja og Grænlands um skipti á opinberum sendifulltrúum.

(lagt fram á 138. löggjafarþingi 2009-2010. Þskj. 368 – 316. mál)

Ísland hefur um langt skeið átt gott samstarf við Færeyjar og Grænland á grunni tvíhliða samvinnu og á vettvangi svæðasamstarfs Norðurlandaráðs og Norðurskautsráðsins. Samstarf Grænlands og Íslands hefur einkum náð til samgangna, sjávarútvegs, landbúnaðarmála, heilbrigðisþjónustu og umhverfisverndar.

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, hefur átti fundi með formanni grænlesku sjálfstjórnarinnar, Kupik Kleist, sem fer með utanríkismál og hefur boðið honum í heimsókn til Íslands í maí nk. til að fylgja eftir fjölda hugmynda um samvinnu þjóðanna. Ráðuneytið mun hafa náði samráð við innlenda hagsmunaaðila vegna þeirra hugmynda sem reifaðar hafa verið til eflingar samskipta landanna. Einnig sat utanríkisráðherra fund Vestnorræna ráðsins í Stokkhólmi í október 2009.

Fulltrúar heimastjórnarinnar áttu áður fundi með utanríkisráðherra Íslands í júní 2008. Var þar m.a. fjallað um nánari tengsl byggða á Vestfjörðum og Norð-vesturlandi við Grænland sem og ferðaþjónustu, málefni norðurslóða, öryggismál, loftslagsbreytingar og vísinda- og menningarsamskipti.

Með sjálfstjórnarlögunum, sem samþykkt voru í nóvember 2008, aukast tækifærin til að efla samband Íslands og Grænlands og hefur utanríkisráðuneytið unnið að því. Í framhaldi af heimsókn utanríkisráðherra til Grænlands var komið á fót sameiginlegri embættismannanefnd sem fundaði á Grænlandi síðastliðið sumar. Á þeim fundi kom fram vilji til að styrkja samvinnu þjóðanna í menntamálum, heilbrigðismálum, málefnum norðurslóða ásamt ferðamálum auk atvinnu- og orkumála. Þá voru reifaðar hugmyndir um sameiginlega viðskiptaráðstefnu um samstarfsmöguleika íslenskra og grænleskra fyrirtækja.

Í Þórshöfn á Færeyjum starfar aðalræðisskrifstofa Íslands en henni veitir forstöðu aðalræðismaður sem er útsendur starfsmaður utanríkisþjónustunnar á sendiherrastigi. Þessi skrifstofa nýtur réttinda skv. Vínarsamningnum um ræðissambönd (lög nr. 4/1978) sem Ísland og Danmörk eru aðilar að. Á móti hefur landsstjórn Færeyja starfrækt sendiskrifstofu (sendistova, repræsentationskontor, representation office) í Reykjavík. Sendiskrifstofan nýtur ekki formlegra réttinda skv. fyrirnefndum samningi eða Vínarsamningnum um stjórnmalasamband (lög nr. 16/1971) sem varðar skipti á sendiráðum, enda geta einungis fullvalda ríki átt aðild að þeim samningum.

Forstöðumaður sendiskrifstofu Færeyja er hins vegar skráður í diplómatalistann í Reykjavík sem starfsmaður við sendiráð Danmerkur og með þeim hætti nýtur sendiskrifstofan sambærilegrar stöðu og sendiráð erlendra ríkja. Sendiskrifstofan sem slík er skráð aftast í diplómatalistann undir „other missions“. Sá möguleiki er fyrir hendi að komið verði á svipuðum samskiptum við Grænland þannig að Ísland opni þar ræðisskrifstofu með útsendum starfsmanni utanríkisþjónustunnar, sem bæri þá titil ræðismanns eða aðalræðismanns en

grænenska heimastjórnin, í samvinnu við utanríkisþjónustu Dana, setji á stofn sendiskrifstofu (representation office) í Reykjavík með sama hætti og Færeyingar hafa gert.

Áætlaður rekstrarkostnaður sendiskrifstofunnar í Færeyjum á árinu 2010 er 47 milljónir króna. Í þeirri tölu er allur launakostnaður útsendra og staðarráðinna starfsmanna, kostnaður við rekstur skrifstofu, bifreiðar og sendiherrabústaðar og ferðakostnaður. Búast má við að kostnaður við rekstur sendiskrifstofu á Grænlandi yrði með svipuðum hætti og líklega hærri þar sem aðstæður á Grænlandi eru ólíkar aðstæðum í Færeyjum og Grænland á vissan hátt erfiðara land til búsetu.

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförunum misserum tekið ákvarðanir um að loka sendiskrifstofum á ýmsum stöðum, t.d. í Pretoríu, Róm og Strassborg. Utanríkisþjónustan er nú, eins og aðrar stofnanir ríkisins, rekin undir ströngum kröfum um niðurskurð og sparnað. Þingsályktunartillagan á þskj. 368 felur í sér að nauðsynlegt mun reynast að opna sendiskrifstofu á Grænlandi eigi skipti á útsendum sendifulltrúum milli Íslands og Grænlands að eiga sér stað. Við þær efnahagsaðstæður sem nú eru ríkjandi á Íslandi telur ráðuneytið hæpið að unnt verði að ráðast í slíkt á næstu misserum.

Utanríkisráðuneytinu, 19. mars 2010